

Samkeppni um ljóslistaverk fyrir Vetrarhátíð 2021

Reykjavíkurborg og Orka Náttúrunnar í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs standa fyrir samkeppni um þrjú ljóslistaverk á Vetrarhátíð 2021. Verkin sem verða valin verða sýnd á Vetrarhátíð 2021 dagana 4.-7. febrúar.

Samkeppnin er opin öllum hönnuðum, myndlistamönnum, tónlistarmönnum, ljósamönnum, tölvunarfræðingum eða öðrum þeim sem vinna með rafmagn og list í einhverju formi. Hvatt er til samstarfs milli ólíkra greina. Kostur er ef verkið felur í sér gagnvirkni sem kallar á þátttöku borgaranna. Undanfarin ár hefur Hallgrímskirkja verið eitt helsta kennileiti hátíðarinnar og eru ein verðlaun eyrnamerkt vörpun á stafrænu verki á Hallgrímskirkju, en önnur verk má framkvæma hvar sem er í borgarlandinu.

Markmið og áherslur

Markmið samkeppninnar er að virkja íslenskt hugvit og styrkja Reykjavík sem skapandi borg sem einkennist af lifandi og spennandi umhverfi. Vetrarhátíð í Reykjavík var haldin fyrst 2002 og markmiðið með henni hefur frá upphafi verið að bjóða ljós í vetrarmyrkinu og auka ánægju og upplifun borgarbúa.

Verðlaun

Fyrstu verðlaun 1.000.000 kr.
Önnur verðlaun 500.000 kr.
Þriðju verðlaun 300.000 kr.

Áherslur dómnefndar

Dómnefnd leggur eftirfarandi áherslur í mati sínu:

- sterk heildarhugmynd
- listrænt gildi tillögu
- praktísk hagnýting tillögu

Einnig verður horft til raunhæfni og kostnaðar við framkvæmd hugmynda auk samsetningar teymis.

Tímarammi

12. nóvember 2020 - samkeppni kynnt og opnað fyrir fyrirspurnir
19. nóvember 2020 - fyrirspurnum svarað á síðu MH&A
14. desember 2020 - skil tillagna
21. desember 2020 - niðurstaða kynnt
21. desember 2020 - vinna við útfærslu og framkvæmd hefst
4.-7. febrúar 2021 - Vetrarhátíð í Reykjavík

Dómnefnd

Arna Schram, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar
Svanborg Hilmarsdóttir, tæknistjóri götuljósa OR
Rebekka Guðmundsdóttir, borgarhönnuður, skipulags- og framkvæmdasvið
Reykjavíkurborgar
Marcos Zotes, arkitekt, Basalt arkitektar AÍ.
Búi Bjarmar Aðalsteinsson, hönnuður

Keppnisritari og trúnaðarmaður

Gerður Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

Úrslit og verðlaun

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum 18. desember 2020. Þegar dómnefnd hefur formlega lokið störfum verður nafnleynd rofin og þátttakendum tilkynnt um niðurstöður dómnefndar. Dómnefndarstörfum lýkur með dómnefndaráliti og útnefningu vinningstillagna.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafa samband við keppendur sem ekki hljóta verðlaun um mögulegt samstarf. Ef dómnefnd telur enga innsenda tillögu koma til greina til nánari útfærslu áskilur hún sér rétt til að hafna öllum tillögum. Niðurstaða dómnefndar er endanleg.

Skilaform og afhending

Tillögur skulu innihalda eftirfarandi:

- Myndefni og texta sem sýna og útskýra heildarhugmynd verksins, listrænt gildi og praktíska hagnýtingu tillögu.
- Hugmynd að staðsetningu, Hallgrímskirkja eða aðrir staðir innan borgarmarkanna.
- Kostnaðaráætlun vegna framkvæmdar og þóknun sigurvegara.

Tillögum skal skila á pdf-formi eða í rafrænni framsetningu í gegnum vefsíðuna WeTransfer á netfangið samkeppni@honnunarmidstod.is fyrir miðnætti mánudaginn 14. desember 2020.

Tillögur skulu merktar með sex tölustafa auðkennisnúmeri sem þátttakendur velja sjálfir. Með tillögunni skal einnig senda skjal/nafnamiða með sama auðkennisnúmeri sem inniheldur upplýsingar um þátttakendur ásamt nafni, netfangi og símanúmeri tengiliðar hópsins. Keppnisritari er sá eini sem sér þær upplýsingar. Tillögu er veitt viðtaka berist hún innan tilgreinds skilafrests og nafnleyndar sé gætt.

Þegar farið er inn á *WeTransfer* er hægt að velja *Take me to Free* eða *Get WeTransfer Pro*. Almenn er nóg að velja *Take me to Free*.

Hlaðið niður skjölunum, „+ Add your files”.

Setjið inn netfang móttakanda: Email to samkeppni@honnunarmidstod.is

Setjið inn netfang sendanda: Your email xxx@xxx.xx

Ýtið á „Transfer”.

Hagnýting keppnistillagna

Samið verður við sigurvegara um framkvæmd vinningstillagna Höfundar eiga allan höfundarrétt að tillögum sínum, sbr. höfundarlög nr. 73/1972.

Fyrirspurnir

Fyrirspurnir má senda í samkeppni@honnunarmidstod.is fyrir miðnætti 17. nóvember 2020.

Nánari upplýsingar

Tilgangur Vetrarhátíðar er að lifga upp á borgarlífið á dimmestu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka viðburði sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri. Á dagskrá Vetrarhátíðar eru fjölbreytileg ljóslistaverk, Safnanótt og Sundlauganótt.

Ljóslistaverk Vetrarhátíðar eru utandyra og staðsett á fjölsóttum stöðum í borginni auk þess sem byggingar og almenningsrými verða lýst upp með fjölbreyttum hætti. Verkin verða hluti af ljósagöngu sem borgarbúar eru hvattir til þess að njóta með fjölskyldu eða í hópi vina.

Á Safnanótt opna söfn í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu dyr sínar og bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá frá klukkan 18:00-23.00. Söfnin leggja áherslu á að bjóða upp á óhefðbundna viðburði þetta kvöld og veita þannig fastagestum nýja sýn á söfnin og laða að sér nýja. Íbúar og gestir borgarinnar á öllum aldri geta notið hennar fram eftir kvöldi sér að kostnaðarlausu.

Á Sundlauganótt verða tíu sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu opnar frá kl. 18:00-22:00 og aðgangur er ókeypis. Uppákomur verða af margvíslegum toga og munu gestir fá að upplifa einstaka og óvenjulega kvöldstund í mögnuðu myrkri. Vetrarhátíð í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn árið 2002. Nánar á vetrarhatid.is